

Samfélagsfræði 6. og 7. bekkur

Kennarar: Helga Sigurðardóttir

7

Lýsing

Evrópa vinnubók og lesbók ásamt ýmsum verkefnum frá kennara. Nemendur þjálfast í því að leita að upplýsingum í texta og læri um lönd víðsvegar um heiminn.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

VS Samfélagsgreinar fyrir 7. bekk

- Hæfnieinkunn (A-D)

VS Samfélagsgreinar fyrir 7. bekk - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Þekkir sögu og menningu heimabyggðar, helstu stofnanir samfélagsins og hlutverk þeirra.
- Þekkir Evrópukortið og nöfn og legu ríkja í Evrópu auk stærstu áa, vatna, hafa og fjallgarða
- Getur fjallað um hugtök eins og ríki, lönd og landamæri.
- Getur lesið sér til gagns á hinum ýmsu fréttamiðlum og nýtt sér þá til frekari vinnu.
- Þekkir landslag Evrópu og hvernig það hefur myndast við veðrun og rof.
- Getur aflað sér upplýsinga um einstök lönd og landssvæði, atvinnuhættir þar með taldir.
- Getur lesið úr nokkrum gerðum þemakorta af Evrópu sem sýna dreifingarmynstur t.d. náttúrufars og mannvistareinkenna
- Getur lýst í megindráttum loftslagi og gróðurfari Evrópu. ● Þekkir einstök menningarsvæði Evrópu.
- Áttar sig á nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu ríkja heims á sviði umhverfismála.

VS Samfélagsgreinar fyrir 7. bekk - Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Getur metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra.
- Getur sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.

VS Samfélagsgreinar fyrir 7. bekk - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Tekur þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Getur tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu.
- Getur sýnt ábyrgð í samskiptum og áttað sig á réttindum sínum.
- Getur tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- Getur rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga
- Metur og bregst við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.
- Ber kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virðir frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.